

## Bakkahvammur hses. Stjórnarfundur.

Fimmtudaginn 27. febrúar 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 15:10.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Ragnheiður Pálsdóttir, Skúli Guðbjörnsson og Þuríður Jóney Sigurðardóttir. Eyjólfur Ingvi Bjarnason boðaði forföll.

Einnig sat fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnar stýrði fundi.

### Dagskrá:

- 1. Rekstraráætlun sjálfseignarstofnunarinnar.**  
Rekstraráætlun lögð fram og yfirfarin.
- 2. Fjármögnun á byggingartíma.**  
Ekki er möguleiki á brúarláni frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.  
Rætt hefur verið við bankastofnanir. Hagstæðasta fjármögnunin er að Dalabyggð láni Bakkahvammi hses og taki til þess yfirdráttarlán.  
Samþykkt að gerður verði samningur við Dalabyggð vegna brúarfjármögnunarinnar.
- 3. Fjármögnun félagsins.**  
Tekið verður leiguíbúðalán hjá HMS til 50 ára.
- 4. Ákvörðun um leigu.**  
Samþykkt að leiga fyrir minni íbúðirnar verði kr. 145.000 á mánuði og fyrir stærri íbúðina kr. 165.000 á mánuði. Leigan tekur breytingum skv. neysluvísitölu.
- 5. Ákvörðun um auglýsingar og hvernig valið verður úr umsóknum.**  
Auglýst verði í Dalapóstinum og á heimasíðu Dalabyggðar í næstu viku.  
Úthlutunarreglur verða tilbúnar í lok næstu viku.
- 6. Drög að starfsreglum stjórnar.**  
Formaður leggur fram tillögu að starfsreglum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.

Ragnheiður Pálsdóttir



Einar Jón Geirsson



Skúli Guðbjörnsson



Þuríður J. Sigurðardóttir